

## Júní fréttablað 2020

### Starfsmannamál

Magnús hætti hjá okkur í maí, þökkum við honum fyrir samstarfið. Daníela byrjaði hjá okkur í maí og verður fram að sumarleyfi, bjóðum við hana velkomna. Karen Dögg og Eva Þórey voru í afleysingum hjá okkur í maí, þökkum við þeim fyrir samstarfið.


### Grill- og hjóladagur

Grill- og hjóladagur verður einhvern góðviðrisdag í byrjun júní, auglýst daginn áður. Þá mega allir koma með hjólin sín og hjálma. Lögreglan kemur í heimsókn ef hún hefur tök á því. Í hádeginu verða svo grillaðar pylsur og borðað úti ef veður er gott.



### Lambaferð

Farið var venju samkvæmt í hesthúsin í maí til þess að skoða nýfædd lömb og fleiri dýr. Tommi, Rannveig, Kolbrún, Linda og Daníela tóku vel á móti börnunum og þökkum við þeim kærlega fyrir.



### Unglingar úr vinnuskólanum

Þann 8. júní hefja unglingar úr vinnuskólanum vinnu í Bergheimum en eins og undanfarin sumur gefst unglingum tækifæri á að vinna í leikskólanum. Tveir til þrjú unglingar verða á hverri deild.

### Grænfáni

10. júní n.k. kemur fulltrúi frá Landvernd og afhendir okkur þriðja grænfánann. Unnið hefur verið að því í nokkurn tíma að fá fána fyrir verkefnið Átthagar.

### Sólarvörn

Ákveðið hefur verið að eiga sólarvörn á öllum deildum, um er að ræða tegundina Childs Farm 50 spf. Ef börnin sýna ofnæmisviðbrögð við þessari sólarvörn, eða ef foreldrar kjósa frekar aðra tegund geta þeir komið með sólarvörn fyrir sitt barn. Nauðsynlegt er að foreldrar beri sólarvörn á börnin heima áður en þau koma í leikskólann og svo er borið á þau aftur eftir hádegi í leikskólanum eða eftir þörfum.



Vikan 1. - 7. júní

1. júní annar í hvítasunnu, leikskóli lokaður 5. júní söngstund
--

Vikan 8. -14. júní

10. júní grænfána afhending 12. júní söngstund
---

Vikan 15. – 21. júní

17. júní Þjóðhátíðardagur Íslendinga, leikskólinn lokaður 19. júní söngstund
---

Vikan 22. – 28. júní

26. júní söngstund
--------------------

Vikan 29. – 5. júlí

3. júlí söngstund
-------------------

Vikan 6. – 8. júlí

8. júlí sumarfrí hefst
------------------------

Með sumarkveðju  
Elsa aðstoðarleikskólastjóri